

Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði

Samráðsnefnd um gerð rammaskipulags

14. fundur

Mánudaginn 8. apríl 2019 kl. 16.00 á hafnarskrifstofunni

Mætt: Kristín Thoroddsen, Ágúst Bjarni Garðarson, Ólafur Ingi Tómasson, Gylfi Ingvarsson, Guðrún Guðmundsdóttir, Karólína Helga Símonardóttir og Lúðvík Geirsson. Einnig mættu til fundarins arkitektarnir Orri Steinarsson og Oskar Ivarsson ásamt aðstoðarmönnum.

- 1) Orri og Óskar fóru yfir nýjustu útfærslur að tillögum á skipulagssvæðinu og kölluðu eftir athugasemdum og ábendingum til undirbúnings fyrir fundi með ráðgjöfum og hagsmunaaðilum á morgun þriðjudag. Farið ítarlega yfir einstaka þætti og m.a. fjallað um bryggjusvæði, opin ssvæði, byggingareiti, bílastæði, umferðarmál, mögulegar landfyllingar, húsaform, efnisnotkun, opin svæði og fleiri þætti.
- 2) Rætt um mögulega tímasetningu fyrir næsta almenna kynningarfund. Ákveðið að festa þann tíma eftir vinnufundina þegar sést betur hvernig málin standa í heild sinni. Áhersla lögð á að halda tímasetningar með lokatillögum fyrir lok maí og kynningu í júní.
- 3) Farið yfir skipulag vinnufunda á morgun og kynningarfundu með rekstrar- og þjónustuaðilum á skipulagssvæðinu. Einnig farið nánar yfir ákveðin atriði í skipulagstilögunni varðandi aðgengis- og umferðarmál, bæði innan svæðis og á helstu umferðarleiðum. Farið verður nánar yfir þau mál á fundi með ráðgjöfum frá Mannviti á vinnufundi á morgun.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:30
LG ritaði fundargerð